



Móttakið á skrifstofu ÍSí

Dags. 7. 10. 2013 U

Ár 2013, mánudaginn 7. október, er dómþing Dómstóls Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) haldið af Guðmundi Jónssyni, dómara í dómstól ÍSí í íþróttamiðstöðinni í Laugardal, Reykjavík.

Fyrir er tekið: Mál nr. 7/2013.

Lyfjaráð ÍSí

gegn

Eiríki Inga Kristinssyni

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

DÓMUR

I.

Mál þetta er höfðað með kæru Lyfjaráðs ÍSí, dagsettri 3. júlí 2013 og móttækinni af skrifstofu ÍSí sama dag.

Kærði er Eiríkur Ingi Kristinsson kt. 171070-4819, til heimilis að Skálahlíð 17, 270 Mosfellsbæ, skráður félagsmaður í Júðófélagi Reykjavíkur.

Kröfur kæranda:

Þess er krafist að kærði verði dæmdur til tveggja ára óhlutgengis til þátttöku í allri starfsemi sem fram fer á vegum ÍSí, sambandsaðila þess eða félaga eða deilda innan þeirra, frá upphafi bráðabrigðabanns 12. júní 2013 að telja.

Guðmundur Jónsson í Dómstól Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands fékk mál þetta til afgreiðslu 5.7.2013. Lögmaður kærða, Jón Egilsson hdl. óskaði eftir fresti til að skila greinargerð í málinu til 22.7.2013. Í tvígang var veittur frestur umfram þann dag með samþykki kæranda einkum vegna fjarveru læknis kærða. Hinn 13.9.2013. barst dómnum bréf lögmannsins þar sem hann tilkynnir að kærði hafi ákveðið að taka ekki til varna í málinu en reifar ástæður til refsilækkunar. Kæranda var gefinn kostur á að tjá sig um efni bréfs lögmannsins og gerði það með andsvari, ódagsettu, sem barst dómstólnum hinn 20.9.2013, þar er því mótmælt að refsilækkunar ástæður komi til álita í málinu.

Í málinu hafa af hálfu kæranda verið lögð fram eftirtalin skjöl, auk kæru:

- Fylgiskjal 1 Afrit iðkendalista Júdófélags Reykjavíkur. Dags. 11.06.2013
- Fylgiskjal 2 Listi WADA yfir bönnuð efni og aðferðir, sem í gildi var innan ÍSÍ þann 15. maí 2013
- Fylgiskjal 3 Afrit af skýrslu Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ (og fylgigagna) til Lyfjaráðs ÍSÍ varðandi málið, dags. 21.06.2013
- Fylgiskjal 4 Afrit af yfirlýsingum kærða um móttöku niðurstöðu úr greiningu á A-sýni og höfnun á greiningu B-sýnis. Dags. 12.06.2013
- Fylgiskjal 5 Afrit af samþykki kærða til að gangast undir bráðabrigðabann frá 12. júní 2013.

II.

Í kæru er málavöxtum lýst þannig

Kærði er félagsmaður í Júdófélagi Reykjavíkur, sbr. meðfylgjandi iðkendalista (Fylgiskjal 1). Þann 15. maí 2013 var kærði boðaður í lyfjaeftirlit í æfingaaðstöðu Júdófélags Reykjavíkur. Gekkst kærði undir lyfjaeftirlitið og lét í té þvagsýni (A- og B-sýni), sem sent var til greiningar á Huddinge Universitetssjúkhus í Svíþjóð.

Niðurstöður greiningar á A-sýni bárust Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ þann 10. júní 2013. Þær sýndu að í sýninu var að finna niðurbrotsefni Methandienone, 17-oh-methyl-17a-methyl-18-norandrost-1,4,13-triene-3-one, sem er í flokki S1A á lista WADA yfir bönnuð efni og aðferðir (Fylgiskjal 2, bannlisti WADA). Styrkur 17-oh-methyl-17a-methyl-18-norandrost-1,4,13-triene-3-one í þvagsýninu var **54 ng/ml**. Viðmiðunarmörk niðurbrotsefnisins eru 2 ng/ml.

Kærða var gerð grein fyrir niðurstöðum úr greiningu á A-sýni í símtali 12. júní 2103 og hann boðaður til sama dag (Fylgiskjal 3). Kærða var boðið að láta greina B-sýnið til staðfestingar niðurstöður A-sýnis. Kærði óskaði ekki eftir því að B-sýni sitt yrði greint (Fylgiskjal 4). Kærða var einnig boðið að gangast undir bráðabrigðabann frá þeim degi, sem hann samþykkti með undirritun sinni (Fylgiskjal 5).

Eiríkur segist skömmu fyrir lyfjaprófið hafa tekið við töflu frá félaga sínum til að nýta í öðrum tilgangi en íþróttalegum, sem líklega hafi innihaldið efnið sem greindist í sýni hans. Vildi ekki nafngreina félagann sem afhenti honum þetta efni.

Að öðru leyti vísast til meðfylgjandi skýrslu Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ um málavexti.“

III.

Varðandi málsástæður er af hálfu kæranda er vísað til þess að samkvæmt gr. 4.1.1. í lögum ÍSÍ um lyfjamál gildir bannlisti WADA innan ÍSÍ og á m.a. við alla skráða félagsmenn í félögum innan sambandsaðila ÍSÍ, sbr. gr. 1.2.1. Samkvæmt gr. 2 í lögum ÍSÍ um lyfjamál er lyfjamisnotkun bönnuð og telst brot m.a. framið ef efni sem bannað er að nota samkvæmt bannlista WADA, niðurbrotsefni bannaðs efnis eða önnur efni sem gefa til kynna tilvist bannaðs efnis, finnast í sýni sem íþróttamaður gefur við lyfjaeftirlit (gr. 2.1).

Með vísan til lýsingar á málavöxtum og framlagðra sönnunargagna er það mat Lyfjaráðs ÍSÍ að kærði hafi með háttsemi sinni gerst sekur um lyfjamisnotkun. Varðandi refsingu kærða bendir kærandi á að samkvæmt

gr. 10.2 í lögum ÍSÍ um lyfjamál skal refsing fyrir fyrsta brot vera að lámarki tveggja ára óhlutgengi og á sú grein við í máli þessu.

Hvað lagarök varðar eru kröfur kæranda í máli þessu reistar á lögum ÍSÍ um lyfjamál en einkum er vísað til greinar 1.2.1. varðandi það til hverra lögin taka. Til greinar 4 sem mælir fyrir um að bannlisti WADA gildi um íþróttamenn innan ÍSÍ. Þá vísar kærandi til greinar 10 varðandi viðurlög einkum greinar 10.2.

IV.

Eins og fram kemur í málsatvikalýsingu gekkst kærði undir lyfjaeftirlit og lét í té (A-og B- sýni) sem sent var til greiningar á Huddinge Universitetssjúkhus í Svíþjóð.

Niðurstöður greiningar á A-sýni bárust Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ þann 10. júní 2013. Þær sýndu að í sýninu var að finna niðurbrotsefni Methandienone, 17-oh-methyl-17a-methyl-18-norandrost-1,4,13-triene-3-one, sem er í flokki S1A á lista WADA yfir bönnuð efni og aðferðir (Fylgiskjal 2, bannlisti WADA). Styrkur 17-oh-methyl-17a-methyl-18-norandrost-1,4,13-triene-3-one í þvagsýninu var **54 ng/ml**. Viðmiðunarmörk niðurbrotsefnisins eru 2 ng/ml.

Í bréfi lögmanns kærða, Jóns Egilssonar hdl. eru raktar, varðandi ákvörðun refsingar, ýmsar ástæður sem lögmaðurinn telur réttlæta refsilækkun.

V.

Í málinu liggur fyrir að ekki er af hálfu kærða tekið til varna og dæmir því einn dómari málið.

Niðurstöður mælinga sýna eru ekki dregnar í efa. Verða þær því lagðar til grundvallar við refsíákvörðun í málinu. Óumdeilt er að kærði gerðist með framangreindri háttsemi sinni sekur um lyfjamisnotkun og braut þannig gegn ákvæðum laga ÍSÍ um lyfjamál.

Fyrir dómnum liggur því það eitt að taka ákvörðun um viðurlög kærða.

Krafa kæranda varðandi viðurlög byggir á 10.gr.1. um lyfjamál, einkum grein 10.2. Sama grein hefur síðan að geyma nokkur ákvæði um refsilækkunarástæður. Í grein 2.1.1. laga ÍSÍ um lyfjamál segir „Hverjum íþróttamanni er skylt að tryggja að ekkert bannað efni fari inn í líkama hans. Íþróttamenn bera ábyrgð á bönnuðu efni, niðurbrots efni þess eða annarra lífvísa sem finnast í líkamssýnum þeirra. Samkvæmt því er ekki

nauðsynlegt að sýna fram á ásetning, misstöð, vanrækslu eða meðvitaða notkun íþróttamannsins til að staðfesta brot á lyfjamisnotkun skv. gr.2.1.“.

Kærði hefur á engan hátt gert þá grein fyrir sér að hann sé haldinn neinni vangetu til að tryggja það sem framangreind grein laganna gerir kröfu til og sem er náskykt þeirri sanngirnireglu að hver einstaklingur verði að bera ábyrgð á eigin málum. Ekki verður séð að nein af refsilækkunarástæðum 10.gr. komi til álita í málinu. Er því fallist á dómkröfur kæranda.

Guðmundur Jónsson dómari í dómstól ÍSÍ kveður upp dóm þennan. Skrifstofa ÍSÍ mun annast birtingu hans gagnvart kærða.

DÓMSORÐ

Kærði, Eiríkur Ingi Kristinsson kt. 171070-4819 til heimilis að Skálahlíð 17, 270 Mosfellsbæ, er dæmdur til tveggja ára óhlutgengis til þátttöku í allri starfsemi sem fram fer á vegum ÍSÍ, sambandsaðila þess eða félaga eða deilda innan þeirra, frá 12.6.2013 að telja.

Guðmundur Jónsson


Heimilt er að skjóta til áfrýjunardómstóls ÍSÍ, dómum og úrskurðum dómstóls ÍSÍ. Frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls ÍSÍ er ein vika frá því að aðila máls var kunnugt um niðurstöðu málsins, en þó eigi síðar en 4 vikum eftir að dómur undirréttar var upp kveðinn.